

# Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

05. tbl. • Maí 2003

## Kökumeistarinn í Hafnarfirði sigraði í baksturskeppni bakaríanna



*Keppendur, dómarmar og aðstandendur Baksturskeppni bakaríanna: Frá vinstri, aftari röð: Frá LABAK, Jóhannes Felixson, frá Klúbba bakameistarara: Jón Albert Kristinsson, forseti og Sigurgeir Erlendsson, dómarmar: Haraldur Friðriksson, yfirdómari, Þorsteinn Stígsson og Ágúst Gunnarsson. Fremri röð, keppendur. Bakarí sem áttu lið í keppninni eru eftirtalin: Mosfellsbakarí, Café Konditori Copenhagen, Kökumeistarinn, Kornid, Reynir bakarí, Sandholt Laugavegi, Myllan-Brauð og Björnsbakarí Vesturbæ.*

*Framhald á bls. 3*

## Frábær árangur

- hlaut 10 á sveinsprófi í rennismíði-

**Fyrir skömmu urðu þau tíðindi að Kristmann Einarsson nemi í rennismíði fékk 10 í einkunn á sveinsprófi. Prófkörfur í þessari iðngrein eru mjög strangar og það svo að frávik um einn hundraðasta úr millimetra (micrometer) gefur tilefni til að lækka einkunn.**

Nemandinn fær teikningar, smíðaeftir, vélar og tæki til að leysa verkefni sit. Hann fær tvo daga til að ljúka því og má ekki líta upp frá vinnu ef það á að takast. Þrátt fyrir gríðarlega strangar kröfur, hvað varðar tíma og fagleg vinnubrögð, var hvergi veikan blett að finna á sveinsstykkinu,



hversu grannt sem skoðað var. Prófnefndarmenn beittu öllum sínum nákvæmstu mælitækjum en engu skeikaði, ekki einu sinni um brot úr millimetra. Allt var gert af

þvílíkri nákvæmni og list að einstakt má telja. Verkið ber höfundi sínum því sannarlega fagurt vitni.

Því má með nokkrum rétti segja að Kristmann hafi brotið í blað í iðnsögunni og því er full ástæða til að óska honum innilega til hamingju. Hann sótti iðnmenntun sína til Borgarholtsskóla í Reykjavík og starfar nú við iðnina hjá Marel hf.



Sveinsstykkið

# Á að samræma reglur um innkaup sveitarfélaga?

**Aflvaki hf. hélt nýlega fund þar sem rætt var um innkaupamál og kynntar voru nýjar innkaupareglur Reykjavíkurborgar. Það er tvímælaust til mikilla bóta að borgin hefur nú sett sér innkaupareglur sem á flestan hátt eru í samræmi við reglur ríkisins á þessu sviði. Brýna nauðsyn ber til að setja sams konar reglur um innkaup annarra sveitarfélaga.**

## Óbein áhrif EES-samningsins

Upphaf þessarar þróunar má þó rekja 10 ár aftur í tímann en þá voru EES-reglur um opinber innkaup (með lögum nr.55/1993) felldar inn í eldri lög um sama efni frá árinu 1987(52/1987). Þessar EES-viðmiðanir eru að vísu svo háar að þær taka einungis til stærstu útboða á vegum opinberra aðila á sviði verklegra framkvæmda. Erlendir aðilar buðu hvort sem er í flest þessi verkefni og innkaup, þannig að þessar reglur höfðu í raun ekki nein úrslitaáhrif á samkeppnina við innlenda verktaka og framleiðendur. Hitt skiptir miklu meira máli að með þessu komu inn í íslensk lög tilteknar leikreglur um framkvæmd útboða sem allir sáu að áttu eins vel heima í smærri útboðum.



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR  
05. tbl. Maí 2003  
ISSN 1022-7741  
Fór í prentsmiðju: 19.05..2003  
Prentvinnsla: Prentæknir hf.  
Plaströkkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Odd Stefán, Jóhannes Long

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Borgartúni 35, Pósthólf 1450,  
121 Reykjavík  
Sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala 511093-2019  
www.si.is, netfang:  
thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson  
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

## Af hverju ekki sveitarfélögin?

Miklar umbætur hafa orðið á útboðs-reglum ríkisins, fyrirtækja og stofnana þess, nú síðast með lögum 94/2001. Því miður hafa þessar eða sambærilegar reglur ekki verið teknar upp af hálfu sveitarfélaga og fyrirtækja og stofnana á þeirra vegum. Erfitt er að fullyrða um hver skýringin er á þessu. Líklegast er þó að afskipti stjórn-málamanna og nálægð þeirra við eigin heimamarkað valdi hér miklu. Menn eru almennt sannfærðir um að þeir standi sig vel í innkaupamálum og sjá ekki að þörf sé fyrir nýjar og hertar reglur. Þá er áberandi andstaða við að taka upp reglur frá ríkinu án þess að sveitarfélögin hafi átt beinan þátt í að móta þær.



Um þetta verður þó ekkert fullyrt en svo mikið er víst að tillögur Samtaka iðnaðarins um að lög um opinber innkaup nái til sveitarfélaga og fyrirtækja á þeirra vegum hafa til þessa ekki fengið hljómgrunn. Þó bendir nú flest til þess að skilningur á þessari kröfu okkar sé vaxandi og nýjar innkaupareglur borgarinnar benda einmitt til þess.

## Rökin fyrir samræmdum reglum

Hvers vegna þurfa þessar reglur að ná til sveitarfélaganna?

- 1) Verktakar og seljendur vöru bjóða jöfnum höndum ríki og sveitarfélögum vöru og þjónustu. Það er augljóst óhagræði að því að margvíslegar reglur gildi á þessu sviði, mismunandi eftir því hvort boðið er út á vegum ríkis, borgar eða nágrannasveitarfélags. Suðvesturhornið frá Akranesi til Selfoss er í reynd eitt atvinnusvæði og því afar óheppilegt að reglur um innkaup sveitarfélaga, a.m.k. á þessu svæði séu ekki samræmdar.
- 2) Opinber innkaup eru sérstakt fag og það er óhagkvæmt að alls konar aðilar á borð við byggingarnefndir og sveitarstjórnarmenn fáist við þessi verkefni án þess að hafa til þess þekkingu. Þó tekur fyrst steininn úr þegar þessir aðilar búa til eigin leikreglur um framkvæmd útboða, oftast en ekki eftir að búið er að opna tilboð.
- 3) Samræmdar reglur á þessu sviði skapa forsendur fyrir aukna samvinnu milli sveitar-

félaga. Vandséð er hvers vegna sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu geta ekki staðið sameiginlega að rekstri innkaupastofnunar rétt eins og strætisvagna- og slökkviliðsþjónustu. Til þess þarf hins vegar að samræma reglur, byggja upp faglega þekkingu og minnka bein pólitísk afskipti.

## Dæmi um það hvernig ekki á að vinna

Á umræddum fundi voru rakin nokkur dæmi um gagnrýnisverð vinnubrögð sveitarfélaga um stór verk og innkaup sem ekki hafa verið boðin út eða einkennilega staðið að verki í krafti þess að engar opinberar reglur hafa gilt um útboð sveitarfélaga undir svokölluðum EES-viðmiðunarmörkum. Hér skal einungis tekið eitt dæmi.

Í Reykjanesbæ var nýverið samið án útboðs við nokkur vertakafyrirtæki, allt heimamenn, um endurnýjun Hafnargötu. Þetta verk er sennilega rétt undir EES-viðmiðunarmörkum (tæpar 400 millj.kr.), en við vitum það ekki fyrir víst því að Reykjanesbær hefur ekki séð ástæðu til að svara fyrirspurnum okkar um málið. Athygli vekur að a.m.k. tvö af þessum verktakafyrirtækjum eru að vinna við endurgerð Bankastrætis fyrir Reykjavíkurborg. Verk sem þau fengu á kjölfar útboðs. Er ásætlanlegt að Reykjavíkurborg bjóði út sínar framkvæmdir í opnum útboðum en verktakar með heimilisfang í borginni séu útilokaðir frá því að bjóða í verk hjá öðrum sveitarfélögum?

## Mikilvægur málaflökkur

Útboðs- og innkaupamál eru afar mikilvægur málaflökkur hjá Samtökum iðnaðarins. Skýrar og samræmdar reglur gegna þar lykilhlutverki. Opinberir aðilar eiga í senn að vera kröfuharðir og sanngjarnir kaupendur vöru og þjónustu. Þeir eiga að gera kröfur um hagkvæmni og gæði. Á móti eiga seljendur kröfu á reglufestu, gegnsæi og jafnræði af hálfu opinberra aðila. Til langs tíma litið fara hagsmunir kaupenda og bjóðenda saman og því er brýnt að allir sitji við sama borð. Við hjá Samtökum iðnaðarins hvetjum sveitarstjórnarmenn eindregið til að kynna sér innkaupareglur Reykjavíkurborgar og ríkisins og gera að sínum. Öll rök hníga að því að sú niðurstaða sé skynsamleg.

Sveinn Hannesson

# Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins

**Samtök atvinnulífsins héldu nýverið aðalfund sinn á Hótel Nordica. Finnur Geirsson, sem verið hefur formaður SA frá stofnun samtakanna árið 1999, gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Nýr formaður SA er Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Eimskipafélags Íslands.**

Ingimundur fjallaði m.a. í ræðu sinni um hættuna á launaskriði og verðbólgu en sagði að erlendir verktakar og starfsmenn þeirra drægju úr þensluáhrifunum. Ingimundur sagði að koma þyrfti í veg fyrir hækkun vaxta og gengis krónunnar en næstu árin yrði það forgangsverkefni að draga úr útgjöldum hins opinbera.

## Flókin hagstjórn næstu misseri

Davíð Oddsson, forsætisráðherra hefur ávarpað aðalfund SA frá stofnun þeirra. Hann sagði m.a. að árangur í efnahagsmálum hefði verið gríðarlega mikill sl. 10 ár en hagstjórn Íslands yrði flókin næstu misseri og ár. Við værum á leið inn í mesta hagvaxtarskeið hér á landi og yrðum því að hafa fullt forræði yfir hagstjórnartækjum okkar. Þá sagði Davíð að stefnufestu og öryggis væri þörf jafnt á vettvangi ríkisvaldsins, atvinnulífs og launþegasamtaka á landsvísi. Hann gat þess einnig að heildarsamtök gengju öðruvísi til verks í samningum en áður var og þau byggju nú yfir meiri þekkingu. Menn ættu nú að horfa til framsækinnna kjarasamninga þar sem samspil launa, skatta og framganga ríkisins gætu haft mikla þýðingu.

## Leiðir til bættra kjara með kerfisumbótum

Ari Edwald, framkvæmdastjóri SA, kynnti nýja skýrslu SA en þar er m.a. fjallað um leiðir til að bæta lífskjörin í landinu með kerfisumbótum. Honum varð tíðrætt um íþyngjandi reglubyrði og opinbert eftirlit af ýmsu tagi hér á landi. Hann sagði íslensk fyrirtæki kvarta mikið undan svokölluðum eftirlitsiðnaði en kostnaður fyrirtækja af honum næmi um 1.6 milljörðum króna. Draga þyrfti úr umfangi opinbers eftirlits, einfalda það og samræma og koma því á færri hendur. Minni reglubyrði fyrirtækja og hagkvæmari framkvæmd eftirlits stuðlaði að hagræðingu í rekstri og þar með samkeppnishæfum atvinnurekstri sem væri grunnur að bættum lífskjörum í landinu. Ari gerði einnig að umtalsefni hátt



matvælavæð hér á landi og sagði að lækka þyrfti matvælavæð og auka fjölbreytni í vöruframboði. Hagkvæmara landbúnaðarkerfi, lægra matvælavæð og fjölbreytt framboð matvæla stuðluðu sam-eiginlega að stórbættum lífskjörum. Skipulagsbreytingar í landbúnaði væru ein skilvirkasta leiðin þess að ná því fram.

Þá véc Ari máli sínu að heilbrigðiskerfinu og sagði að það hlyti að verða höfuðviðfangsefni ríkisfjármála á næstu árum. Umfang og vöxtur heilbrigðiskerfisins væri því líkur að leiðir til sparnaðar og hagræðingar í kerfinu hlytu að verða í brennidepli. Samkvæmt tölum OECD voru opinber út-

gjöld til heilbrigðismála hérlendis 7,5% af vergri landsframleiðslu árið 2000 en það er annað hæsta hlutfallið innan OECD á eftir Þýskalandi en þar nema útgjöldin 8%.

## Orsakir þýska efnahagsvandans

Yfirhagræðingur BDA, systursamtaka SA í Þýskalandi, Ottheinrich von Weitehausen fjallaði um orsakir þýska efnahagsvandans en þjóðverjar búa nú við þverrandi hagvöxt og mikið atvinnuleysi. Ástæðurnar eru ekki síst raktar til ósveigjanlegs vinnumarkaðar og ríflegra atvinnuleysisbóta.

## Bakarahátíð í Smáralindinni frh. af forsiðu

Um síðustu helgi (15. – 18. maí) fór fram mikil bakarahátíð í Smáralind. Þar öttu kappi namar í brauðgerð við bakara-deild Hótel- og matvæla skólans í Kópavogi, bakarí og fyrirtæki og félagasamtök þeim tengd kynntu starfsemi sína. Að keppni lokinni voru veitt verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í brauð- og kökugerðarlist.

Fimmtudaginn 15. maí kepptu bakara-nemar til úrslita í Nemakeppni Kornax 2003. Þar fór með sigur af hólmi Þóra Berglind Magnúsdóttir, Myllunni-Brauði en aðrir keppendur voru Björgvin Richter, Kökubankanum, Jón Karl Stefánsson, Breiðholtsbakarí og Örvar Arnarsson, Árbæjarbakarí.

Föstudaginn 16. maí komu bakarar saman til að heiðra Hafliða Ragnarsson fyrir frábæran árangur á sviði kökuskreytinga. Hafliði hefur ítrekað unnið Íslands-

meistaratilinn í kökuskreytingum og varð nú nýlega í öðru sæti í keppni um súkkulaðiskreytingar þar sem hann atti kappi við helstu snillinga Evrópu á þessu sviði. Samtök iðnaðarins, LABAK og Klúbbur bakameistara fluttu honum árnaðaróskir og blóm af þessu tilefni.

Á föstudag og laugardag kepptu 8 tveggja manna lið starfandi bakara frá jafnmörgum bakaraíum í Baksturskeppni bakaríanna og Bakó. Lið Kökumeistarans í Hafnarfirði varð í fyrsta sæti, lið Mosfellsbakarís í öðru og lið Café Konditori Copenhagen í því þriðja.

Samtök iðnaðarins færa sigurvegurunum og þátttakendum öllum hugheilar hamingjuóskir með frammistöðuna.

Nánar er fjallað um bakarahátíðina á vef Samtaka iðnaðarins, [www.si.is](http://www.si.is).

Ragnheiður Héðinsdóttir

# SOLVIT – úrlausnanet innri markaðarins í Evrópu

**Viðskiptaskrifstofa Utanríkisráðuneytisins er orðin aðili að SOLVIT - úrlausnaneti fyrir-**

**tækja sem sækja á innri markað Evrópu. SOLVIT er flækjubani. Það er net starfsmanna sem sérhæfa sig í að greiða úr vanda einkaaðila gagnvart stjórnvöldum hvar sem er annars staðar en í eigin heimalandi. Þetta getur t.d. verið tregða til að viðurkenna starfsleyfi í Frakklandi, gjaldtaka fyrir tollskoðun í Hollandi, sektir í Portúgal eða eitthvað enn annað.**

## Úrlausn innan 10 vikna

Á viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins er tekin til starfa svonefnd SOLVIT-stöð. Leiti íslenskt fyrirtæki til hennar beinir hún erindinu til SOLVIT-stöðvar í viðkomandi ríki til úrlausnar. Þar ber að staðfesta innan viku hvort erindið er tækt til meðferðar. Sé svo ber að leysa úr því innan tíu vikna. Það er gert með því að haft er samband við viðkomandi stjórnvöld, kannað hvort tiltekin sekt, leyfishöfnun eða innheimta sé í raun byggð á staðfastri stefnumótun í samræmi við Evrópu-reglur eða hvort um sé að ræða einhvers konar geðþóttaákvörðun stjórnvalda á tilteknum stað.

## Gagnsæi og innri eftirfylgni

Hugmyndafræðin á bak við SOLVIT er sú að gagnsæi og innri eftirfylgni dugi oft til að greiða úr lagaflókum. Ekki þurfi alltaf að



beita kærnum eða öðrum formlegum leiðum. Úrlausnanetið er samtengt með gagnagrunni.

Allar stöðvar hafa aðgang að grunninum. Þær geta fylgst með og borið saman framgang erinda og á grundvelli upplýsinga úr gagnagrunninum verður hægt verði að ráðast gegn „landlægum“ skriffræðisvanda þar sem það á við.

## Ætlað að eyða misræmi

Innri markaðurinn í Evrópu byggist á hinu svonefnda fjórfrelsi, þ.e. frjálsum vöruflutningum, frjálstri för fólks, frjálstri þjónustustarfsemi og frjálsum fjármagnsflutningum. Allt, sem varðar afleiðda löggjöf ESB og snertir fjórfrelsið, heyrir undir verkvið SOLVIT. Innri markaðurinn hefur verið meginverkefni Evrópusambandsins frá árinu 1987 og með EES-samningnum varð Ísland hluti af honum. Þetta hefur gjörbreytt íslensku atvinnulífi til hins betra og stórbætt starfsskilyrði fyrirtækja. Fjórfrelsið hefur orðið til með margvíslegri löggjöf Evrópusambandsins. Þessa löggjöf taka aðildarríkin síðan upp hvert á sinn hátt eftir reglum og venjum í hverju landi. Þarna skapast stundum misræmi sem einstaklingar og fyrirtæki á Íslandi þekkja sum hver af slæmri reynslu.

Netfang á Íslandi er: [solvit@utn.stjr.is](mailto:solvit@utn.stjr.is). Vefsetur úrlausnarnetsins Solvit er [europa.eu.int/solvit](http://europa.eu.int/solvit).

*Kristrún Heimisdóttir*



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

## Nýir félagsmenn

### Fanntófell ehf.

Bíldshöfða 12  
110 Reykjavík  
Starfsemi: Framleiðsla húsgagna og innréttinga

### Vegamál ehf.

Sætúni 4  
105 Reykjavík  
Starfsemi: Plastiðnaður

### Eyjatré ehf.

Hrauntúni 8  
900 Vestmannaeyjum  
Starfsemi: Trésmíði/verktakastarfsemi

### G. Þorsteinsson ehf.

Hafnarbraut 47a  
Hornafirði  
Starfsemi: Byggingariðnaður

### Eiríkur og Einar Valur hf.

Seilugranda 9  
400 Ísafirði  
Starfsemi: Byggingariðnaður

### Stiki ehf.

Síðumúla 34  
108 Reykjavík  
Starfsemi: Verkfræði- og tölvuþjónusta, hugbúnaður og ráðgjöf

### Plastás ehf.

Óseyri 4  
603 Akureyri  
Starfsemi: Plastframleiðsla



## Stuðningur vex enn



Öfugt við þróunina á Íslandi fjölgar þeim Norðmönnum stöðugt sem vilja aðild að ESB. Þetta kemur fram í nýrri könnun Sentio sem birt var í Noregi nýlega.

Tæplega helmingur Norðmanna styður nú aðild að ESB en 36,4% eru henni andvíg og 13,7% óákveðin. Ef einungis eru teknir þeir, sem taka afstöðu með eða á móti, segja 58% Normanna já við aðild að ESB en 42% nei.

Stuðningur við aðild hefur ekki mælst meiri frá því að Sentio hóf mælingar. Meirihluti er nú fyrir aðild í syðri og miðhluta Noregs en í Norður-Noregi er meirihlutinn andvígur aðild.

Framvindan í Noregi skiptir miklu máli fyrir Íslendinga vegna EES-samningsins.

*Jón Steindór Valdimarsson*

# Evran stuðlar að aðlögun á markaði

**Mikið hefur verið rætt og ritað um vanda hagstjórnar með sameiginlega mynt. Margir telja að ef við tökum upp evru muni svigrúm til að bregðast við áföllum minnka og viðskiptasveiflan verði dýpri og þrálátari. Nýjar rannsóknir á þátttöku smærri ríkja á sameiginlegum markaði Evrópu og í myntsamstarfinu styðja ekki þessa skoðun heldur benda til að sveigjanleiki á markaði hafi verið mikill og grundvöllur velgengni þeirra.**

## Um vanda hagstjórnar

Eitt mikilvægasta hugtak um ástand hagkerfisins hverju sinni er svokölluð framleiðslugeta sem er vísibending um það hvernig framleiðsluþættirnir, vinnuaf og fjármagn, aukast og nýtast. Með þessari mælingu er hægt að meta árangur hagstjórnar hverju sinni. Meðfylgjandi mynd sýnir feril framleiðslu íslenska hagkerfisins og framleiðslugetunnar eins og OECD mælir hana. Sveiflur framleiðslunnar umhverfis framleiðslugetuna eru það sem við köllum spennu eða slaka í hagkerfinu - viðskiptasveifluna.

Til að byrja með er vandi hagstjórnar sá að tryggja að framleiðsla sé áþekk framleiðslugetu hagkerfisins. Við þær aðstæður eru verðlag og laun líklegust til að haldast stöðug. Sagan sýnir að hagkerfið er sjaldnast í jafnvægi (þar sem línurnar mætast). Þótt það sé markmið hagstjórnar hafa

Íslendingar mátt þola talsverðar sveiflur í efnahagslífinu og verðlagsmálum. Ef framleiðslan er meiri en framleiðslugetan eykst launa- og verðbólga. Slíkt gerðist í síðustu uppsveiflu hérlendis í ríkari mæli en í smærri ríkjum ESB. Þegar slík staða kemur upp þarf aðlögun að eiga sér stað til að minnka þrýsting á verðlag og laun. Það getur t.d. átt sér stað með minni framleiðslu sem er framkölluð með hækkun á vaxtastigi, samdrætti í útgjöldum hins opinbera eða aðlögun á markaði. Það sem margir gera sér ekki grein fyrir er að aukin framleiðslugeta minnkar einnig spennuna.

Meginatriði efnahagsstjórnar er að ferill framleiðslugetunnar aukist og að raunveruleg framleiðsla fylgi henni eftir. Þá er sjálfbær (verðbólgulaus) hagvöxtur hámarkaður. Það að framleiðslugeta smærri ríkja ESB jókst meira en hérlendis á síðasta áratug virðist útskýra hlutfallslega meiri stöðugleika þeirra en hérlendis. Hagvöxtur hérlendis árin 1996 til 2000 var að miklu leyti fenginn að láni og spennuástand myndaðist í hagkerfinu. Gríðarlegt fall á gengi krónunnar árin 2000 og 2001 leiddi síðan til mikils samdráttar í innlendra eftirspurn og viðsnúnings í erlendum viðskiptum. Við það hægði á skuldasöfnun þjóðarbúsins. Nýlega hefur gengið hækkað mikið á ný og ekki útséð með vöxt framleiðslu samkeppnisgreina meðan mikil fjárfesting vegna stóriðju á sér stað.

Samt er athyglisvert að þessi reynsla okkar er frekari vísibending um að krónan sé ekki hagkvæmt myntsvæði þar sem sjálfbær hagvöxtur er minni en ef við hefðum evruna.

## Rannsókn OECD

Nýleg rannsókn OECD sýnir að aðlögun á markaði í nokkrum af smærri ríkjum ESB hefur verið með ágætum. Rannsóknin náði til Finnlands, Grikklands, Írlands, Lúxemborgar, Hollands og Portúgal en verðbólga í þessum löndum árið 2001 var yfir meðaltali Evrusvæðisins og of-

þensla þá á næsta leiti. Af þeim sökum ráðlögðu framkvæmdastjórn ESB, OECD og IMF þessum ríkjum að nota ríkisfjármálin til að sporna á móti hugsanlegri ofþenslu. Um leið var farið að rannsaka að hvaða leyti stýring opinberra fjármála og aðlögun á markaði gætu spornað á móti þenslu og hvaða hlutverki aðlögun á markaði gegnir. Rannsóknin náði til margvíslegra þátta á markaði sem hafa áhrif á aðlögun hagkerfisins:

- áhrif vaxta á eftirspurn
- breytt samkeppnisstaða
- áhrif eignaverðsbreytinga
- launamyndun á vinnumarkaði
- verðmyndun á neytendavörumarkaði
- viðbrögð á framboðshlið vinnu- og fjármagnsmarkaða
- hversu opið og alþjóðlega tengt hagkerfið er

Haglíkan OECD, sem hefur að geyma víðtækt mat á samböndum hagþátta, var notað til að meta áhrif framboðsskells (aukinn kostnað hagkerfisins) á aðlögun á markaði. Niðurstaða þessara hagrannsóknar er sú að aðlögun á markaði í smærri ríkjunum er hröð. Svo er að sjá sem margt smátt á markaði geri eitt stórt í aðlögun hagkerfisins.


Þá voru áhrif breytinga í ríkisfjármálum í smærri ríkjum ESB metin með tilliti til áhrifa þeirra á efnahagslífið. Sjálfvirk jöfnun (automatic stabilisers) mildar áhrif eftirspurnaráfalls en margöldunaráhrif útgjalda eru lítil í smærri hagkerfum. Þegar margöldunaráhrif ríkisútgjalda eru lítil þarf stórar sveiflur í útgjöldum til að milda hag-sveifluna. Slíkar sveiflur draga úr áhrifum ríkisfjármála og eru ekki í samræmi við ábyrga stjórn ríkisfjármála til miðlungs tíma.

## Niðurstaða

Peningastefna ESB var rekin með tilliti til efnahagsástandsins í heild og ríkisfjármálin gegndu ekki leiðandi hlutverki í hagstjórn smærri ríkja ESB. Hefðbundin hagstjórn hafði það markmið að skapa stöðugan grundvöll fyrir efnahagsstarfseminu. Það var því geta þátttakenda á markaði í þessum ríkjum að ná fram aðlögun sem var lykillinn að auknum sjálfbærum hagvexti þeirra. Sameiginlegur markaður Evrópu og myntsamstarfið hafa reynst þessum ríkjum vel og mun eflaust gera það í framtíðinni.

Þorsteinn Þorgeirsson

Framleiðsla og framleiðslugeta



\*) Austurríki, Belgía, Danmörk, Finnland, Holland, Írland, Portúgal og Svíþjóð

## Íslenskur áliðnaður í örum vexti

# Alþjóðleg ráðstefna í Reykjavík um skautsmiðjur álvera

Íslenski áliðnaðurinn hefur verið í miklum vexti á undanförunum áratugum og allar horfur eru á að svo verði áfram. Árið 1970 voru 39.000 tonn af áli framleidd hér á landi, árið 2002 var heildarframleiðslan 260.000 tonn en árið 2010 gæti framleiðslan orðið allt að 1.000.000 tonnum. Álver Alcan á Íslandi var stækkað nýverið og framundan er bygging nýs álvers Alcoa í Reyðarfirði auk þess sem stækkun Norðuráls er á dagskrá.

Lítið hefur þó verið fjallað um þá sérstöðu sem Íslendingar eru að skapa sér á því sérsviði áliðnaðarins sem snýr að skautsmiðjum álvera. Kolin í rafskautunum, sem nú eru notuð eru í álframleiðslu, brenna upp á u.þ.b. fjórum vikum en fyrir hvert tonn af áli, sem framleitt er, þarf hálf tonn af kolaskautum. Þá þarf að fjarlægja skautleifar úr kerunum og setja

ný skaut í staðinn. Samsetning nýrra rafskauta fer einmitt fram í skautsmiðjunum sem eru í öllum álverum í heiminum. Kolaskautin eru hins vegar framleidd í rafskautaverksmiðjum.

Samhliða uppbyggingu í áliðnaðinum hér á landi hafa sprottið upp fjölmörg íslensk fyrirtæki sem sérhæfa sig í þjónustu við þennan iðnað. Mörg þeirra hafa náð sérstöðu á þessum markaði með hugvitsamlegum tækninýjungum og sum þeirra hafa komist langt á alþjóðlegum vettvangi. Sem dæmi um slík fyrirtæki má nefna Altech, DMM, Foxhall, VSÓ Ráðgjöf og verkfræðistofuna Hönnun.

Iðntæknistofnun stóð að alþjóðlegri ráðstefnu um skautsmiðjur álvera í samvinnu við Málmgarð og DMG World



Media Ltd. í Englandi og var hún haldin í Reykjavík haustið 2001. Þetta var fyrsta alþjóðlega ráðstefnan sem haldin hefur verið um þetta málefni. Hún stóð í fjóra daga og þar voru haldin 26 erindi auk þess sem umræður fóru fram í sex vinnuhópum um afmörkuð efni. Fjallað var um margvísleg mál, eins og umhverfismál, öryggismál, gæðaeftirlit, tæknibúnað, stýrikerfi, hlífðarfatnað, tækninýjungar og þróun á þessu sviði áliðnaðarins. Þátttakendur voru 136 frá 20 löndum og 35 álverum.

Sömu aðilar vinna nú að undirbúningi næstu ráðstefnu um skautsmiðjur álvera sem einnig verður haldin í Reykjavík dagana 23.-25. september næstkomandi. Dagskrá ráðstefnunnar er að mestu tilbúin. Flytjendur erinda koma m.a. frá álfyrirtækjunum Alcan, Alcoa og Hydro Aluminium og álverum Norðuráls á Grundartanga og Hillside Aluminium í Suður-Afríku.

Íslendingar verða mjög sýnilegir á ráðstefnunni og flytja erindi um tækni þar sem þeir hafa skipað sér í fremstu röð. Meðal fyrirlesara verða starfsmenn frá fyrirtækjum eins og Altech, Stími, Foxhall, verkfræðistofunni Hönnun og Alcan á Íslandi. Starfsmenn frá Alcan á Íslandi og Norðuráli hafa einnig tekið virkan þátt í undirbúningi ráðstefnunnar. Öllum fyrirtækjum stendur til boða að kynna þjónustu sína og vörur. Rétt er að hvetja íslenska aðila til þátttöku í ráðstefnunni.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar og tilkynna þátttöku á vefsetri ráðstefnunnar, [www.rodning-conference.is](http://www.rodning-conference.is). Einnig má senda tölvupóst á [info@rodning-conference.is](mailto:info@rodning-conference.is).



## Trésmiðjan ehf. í Hnífsdal

# Verkefni um land allt

**Þegar Barnaspítali hringsins var sýndur almenningi í mars vakti það nokkra athygli að allar innihurðir og flestar innréttingar voru smíðaðar hjá Trésmiðjunni ehf. í Hnífsdal. Margir hafa talið að fjarlægð frá stóru mörkuðunum geri fyrirtækjum á landsbyggðinni ókleift að framleiða vörur og selja í Reykjavík. Þá er von að spurt sé: Hvernig getur fyrirtæki í úti á landi keppt í verðlagningu við stærri verksmiðjur á höfuðborgarsvæðinu?**

Það hefur þó ekki vafist fyrir Magnúsi Geir Helgasyni og starfsmönnum hans. „Það snýst um skipulagningu, gott starfslið og öflugan vélakost. Auðvitað kostar eitt hvað að flytja hráefnið vestur á firði,“ segir Magnús Geir „en það kostar líka að flytja hráefnið frá birgja til verkstæðis og fullbúna vöru frá verkstæði til byggingarstaðar á höfuðborgarsvæðinu.“

### Öflugur vélakostur af nýjustu gerð

Geirmundur Júlíusson stofnaði Trésmiðjuna ehf. árið 1958 og rak hana sem alhliða trésmiðaverkstæði þar til Magnús Geir tók við rekstrinum árið 1983. Allt fram til ársins 1996 var starfsemin einkum fólgin í alhliða verktakastarfsemi. „Við byggðum Hraðfyrstihús í Hnífsdal og íbúðarhús á Vestfjörðum, steyptum og lögðum gangstéttar fyrir Ísafjarðarbæ, lögðum nokkrar hafnarþekjur og unnum að viðhaldi húsa fyrir almenning,“ segir Magnús.

Fyrir um 8 árum var ákveðið að breyta starfseminni og sú stefna mörkuð að framleiða glugga, hurðir og aðrar innréttingar. Til að það gengi eftir varð að vélvæða verkstæðið. Brátt kom í ljós að svo fjölbreytt framleiðsla gekk ekki upp. Framleiðsla innréttinga og glugga fór ekki vel saman þar sem gluggaframleiðslan útheimti sérstakar vélar. Því var ákveðið að leggja hana niður. Magnús Geir segir að vélar af fullkomnustu gerð skipti sköpum í framleiðslu innréttinga. „Fyrirtækið hefur eingöngu keypt nýjar, tölvuvæddar vélar. Þær gera mögulegt að meðhöndla teikningar á tölvutæku formi og framleiða í samræmi við þær. Það er m.a. ástæða þess að Trésmiðjan hefur eingöngu fjárfest í nýjum vélum sem bila síður en gam-

lar og framleiðslan gengur því sem næst snurðulaust,“ segir Magnús Geir. „Það er betra að fá verkunnin á öðrum verkstæðum en liggja með vélar sem eru sjaldan notaðar. Þær taka mikið pláss og skapa ekki verðmæti.“ Magnús hefur því leitað eftir samstarfi við önnur verkstæði á Vestfjörðum þegar hann hefur t.d. þurft að afhenda glugga í verk sem hann hefur tekið að sér.

### Viðskiptavinir um land allt

Uppbygging fyrirtækisins hefur verið jöfn og þétt. Í upphafi var framleiðslan fyrst og fremst ætluð til sölu heima í héraði. Hins vegar kom í ljós að sá markaður var ekki nógu stór og því hófst útrásin. Nú er meirihluti framleiðslunnar ætlaður verkkaupum annars staðar á landinu. Flest verkefni hafa fengist með útboði eða samningum við verktaka sem byggja opinberar byggingar. Þegar tíðindamenn SI heimsótti Magnús og félagar voru þeir að smíða innréttingar fyrir Safnahúsið sem áður gegndi hlutverki sjúkrahúss á Ísafirði. Verkefnastaða fyrirtækisins er nokkuð góð um þessar mundir að sögn Magnúsar.

### Stefnt að stærri markaðshlutdeild

Húsnæði Trésmiðjunnar er nokkuð komið til ára sinna en hefur verið stækkað og endurbætt á undanförunum árum en samt er nú orðið nokkuð þröngt um starfsemina. Ekki stendur þó til að flana að neinu hvað stækkun varðar. Það er fleira sem til þarf en húsnæði og vélar til að framleiða vörur. Fastir starfsmenn Trésmiðjunnar eru nú ellefu. En hvernig gengur að fá fagmenn til starfa? Magnús segir faglærða starfsmenn vera sex en aðrir hafi langa reynslu af verkstæðisvinnu. „Vel menntaðir starfsmenn með mikla reynslu eru lykilatriði í rekstri sem þessum.



Unnið að smíði á innréttingum fyrir Safnahúsið

Í Menntaskólanum á Ísafirði er kennd húsasmíði en það verður að segjast eins og er að skólinn er ekki búinn tölvuvæddum vélum þannig að neminn, sem útskrifast úr skólanum, býr ekki yfir þeirri þekkingu sem fyrirtækið þarf á að halda.“ Magnús var þá spurður hvort hann væri tilbúinn að hleypa skólanum inn á verkstæðið til að hægt væri að kenna notkun fullkominna tækja sem þar eru og hann tók vel í það.

Að lokum berst talið að gæðastjórnun. Magnús segir að fyrirtækið hafi ekki tekið upp gæðastjórnun með markvissum hætti en segir að hins vegar hafi komið í ljós að margt í framleiðsluferli og stjórnun þess megi flokka undir gæðastjórnun. Magnús Geir og starfsmenn hans líta björtum augum til framtíðar og ætla sér stærri markaðshlut þegar fram líða stundir en hafa þó ekki í hyggju að flytja fyrirtækið nær stærri markaði.

Eyjólfur Bjarnason  
Ferdinand Hansen

# Aukning hagvaxtar á Íslandi undir meðaltali í Evrópu

**Meðalhagvöxtur á Íslandi hefur verið undir meðaltali ríkja sem eiga aðild að EFTA og ESB. Þetta var meðal þess sem kom fram á fundi fjármálaráðherra OECD ríkjanna í París þann 29. apríl sl. í skýrslunni „Agenda for growth“ sem þar var kynnt og mætti etv. kalla Forsendur hagvaxtar.**

Í skýrslunni er að finna margar athyglisverðar upplýsingum m.a. um það sem kallað er „Average trend growth in GDP per capita“ þ.e. aukning meðalhagvaxtar miðað við þjóðarframléiðslu á íbúa. Tekin eru tvö tímabil, annars vegar frá 1980-1995 og hins vegar frá 1995-2002.


Ef einungis er miðað við þau 18 OECD ríki, sem hafa átt aðild að EFTA og ESB á tímabilinu, kemur í ljós að Ísland lendir í 16. sæti þessara ríkja á fyrra tímabilinu og því 8. á því síðara og er í báðum tilvikum undir meðaltalshagvexti í þessum ríkjum.

Þessar upplýsingar má auðvitað skoða frá ýmsum hliðum. Fyrir íslenskt þjóðarstolt er best að skoða breytinguna milli þessara tveggja tímabila. Þá lendum við í 5. sæti en í þeim samanburði ber svo við Lúxemborg lendir í 16. sæti þrátt fyrir að vera í 1. sæti 1980-1995 og 2. sæti 1995-2002, annars vegar með 4,2% og hins vegar 3,7% hagvöxt. Í báðum tilvikum miklu hærri en á Íslandi sem var 1,2% og 2,3% á sama tíma.


Á þetta er bent hér til þess að vekja athygli á því að þrátt fyrir að Ísland standi sig allvel í samanburði við önnur ríki hvað hagvöxt varðar þá er enn langt í land að Ísland sé í fararbroddi í þeim efnu meðal Evrópuríkja. Þetta er hollt að hafa í huga þegar rætt er um efnahagsmál á Íslandi og stöðu smærri ríkja í Evrópu en á síðara viðmiðunartímabilinu sem OECD skoðar hafa m.a. Írland, Lúxemborg, Finnland og Svíþjóð náð betri árangri í hagvexti en Ísland.

Jón Steindór Valdimarsson

Hagvöxtur innan EFTA og ESB 1980 - 1995



Hagvöxtur innan EFTA og ESB 1995 - 2002



Aukning meðalhagvaxtar milli tímabila 1980/1995-1995/2002 í EFTA og ESB

